

## E 93 Tengsl sálfélagslegra þátta og óþæginda í hálsi, herðum og mjóbaki hjá konum í öldrunarþjónustu

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Berglind Helgadóttir, Kristinn Tómasson

Rannsókn- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins

[hkg@ver.is](mailto:hkg@ver.is)

**Inngangur:** Óþægindi í stoðkerfi eru algeng og kostnaðarsöm bæði á Íslandi og annars staðar. Umönnun aldraðra er erfið vinna og starfsmannaskipti tíð á öldrunarstofnunum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl sálfélagslegra þátta og óþæginda í hálsi, herðum og mjóbaki hjá fólki í öldrunarþjónustu.

**Efniviður og aðferðir:** Spurningalisti var sendur á allar öldrunardeildir og öldrunarstofnanir þar sem voru 10 starfsmenn eða fleiri, á samtals 62 vinnustaði. Þeir sem voru í vinnu sólarhringinn 1.-2. nóvember 2000 voru beðnir að svara listanum (N=1886). Spurt var um persónulega hagi, svo sem hjúskaparstöðu, heimilisaðstæður, menntun og stöðu, líkamlegt álag og líkamsbeitingu, félagslega og andlega álagsþætti. Svörun var 80%. Konur voru 96%. Meðalaldur var 45 ára, en aldursbilið 14-79 ára. Sextán af hundraði voru hjúkrunarfræðingar, 20% sjúkraliðar, ófaglærðir 44%, ræstitækna 8%, aðrir 11%. Kórlunum var sleppt. Tengsl sálfélagslegra þátta og óþæginda í stoðkerfi voru könnuð með lógístískri aðhvarfsgreiningu og reiknuð líkindahlutföll (odds ratio, OR) með 95% öryggisbilum.

**Niðurstöður:** Óþægindi í hálsi og hnakka tengdust mörgum sálfélagslegum þáttum þó einkum óánægju í starfi, að vera úrvinda eftir vaktina, óánægju með yfirmenn og að hafa orðið fyrir áreitni (OR>2). Óþægindi í öxlum tengdist sérstaklega óánægju með valdaskipulagið og yfirmennina (OR>3). Óþægindi í mjóbaki tengdust sérstaklega skorti á samstöðu í vinnunni, óánægju með yfirmenn og valdaskipulagið (OR>2). Að vera yfirleitt andlega úrvinda eftir vinnu og að hafa orðið fyrir einhvers konar áreitni tengdist óþægindum í öllum fyrrnefndum líkamssvæðum.

**Ályktanir:** Til að koma í veg fyrir vinnutengd óþægindi í stoðkerfi er mikilvægt að huga bæði að sálfélagslegum þáttum og líkamlegu álagi.